

Flóahreppur  
Þingborg  
801 Selfoss

Reykjavík, 21. mars 2024  
UST202403-253/A.B.  
10.04.02

## Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 - Selfosslína 1

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Flóahrepps er barst 18. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 vegna Selfosslínu 1.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á breytta legu raflínu innan aðalskipulags Árborgar og Flóahrepps þar sem Landsnet ráðgerir að Selfosslína 1 (66 kV) verði tekin niður á kaflanum frá núverandi tengivirki á Selfossi að mastri nr. 99 sem er norðan við Hellisskóg, norðan Ölfusár og í staðinn verði lagður 132 kV jarðstrengur.

Auk þess kemur fram að nýr jarðstrengur mun í megindrátum fylgja nýrri legu Suðurlandsvegar norðaustan við Selfoss og fara um nýja brú yfir Ölfusá, fylgir þaðan Ölfusá til norðurs. Áætluð lengd jarðstrengs frá tengivirki á Selfossi að mastri nr. 99 er um 3,1 km.

### Umhverfisþættir og áherslur

Umhverfisstofnun bendir á að skoða eigi vandlega alla kosti þegar lagnaleiðir eru valdar og láta ekki eldri línur og slóðir ákvarða legu jarðstrengja því reynslan hefur sýnt að jarðstrengur plægður í laus jarðlög hefur í flestum tilfellum óveruleg umhverfisáhrif í för með sér.

Auk þess bendir stofnunin á mikilvægi þess þar sem framkvæmdin fer um nútímahraun að umhverfisviðmið fyrir það sé í 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og ef framkvæmdin hefur áhrif á vatn þá þurfa umhverfisþættir, viðmið og matsspurningar að snúa að því og lög um stjórn vatnamála og vatnaáætlun að vera sem umhverfisviðmið.<sup>1</sup>

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson  
**sérfræðingur**  
Rakel Sæmundsdóttir  
**sérfræðingur**

---

<sup>1</sup> <https://vatnavefsja.vedur.is/wfdportal/#>